



Framsýn


Skrifstofa stéttarfélaganna
Garðarsbraut 26
640 Húsavík

www.framsyn.is
Sími: 464-6600



Hvalaskoðun

*Kjör starfsmanna við
hvalaskoðun
1. maí 2017*



- Hásetar
- Vélstjórar
- Leiðsögumenn
- Stýrimenn
- Vélaverðir
- Skipstjórar

Samkomulag um túlkun Samtaka atvinnulífsins og Framsýnar stéttarfélags á kjörum og réttarstöðu félagsmanna Framsýnar sem starfa á hvalaskoðunarbátum

Um kjör starfsmanna við hvalaskoðun fer almennt eftir kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Framsýnar stéttarfélags vegna starfsmanna í ferðapjónustu (samningur SGS og SA um veitinga-, gisti, þjónustu og greiðasöluþáða og hliðstæðrar starfssemi). Kjör starfsmanna mega ekki vera lakari en þessi kjarasamningur kveður á um á hverjum tíma.

Eftirfarandi frávík frá framangreindum kjarasamningi gilda þó vegna starfsmanna við hvalaskoðun sem lögskráðir eru á hvalaskoðunarbátum:

- Þeir starfsmenn sem falla undir gildissvið sjómanna laga nr. 35/1985 vegna sjómannsstarfa eiga réttindi og bera skyldur samkvæmt þeim lögum, þar með talið samkvæmt 36. gr. laganna um óvinnufærni vegna sjúkdóma eða meiðsla.
- Ákvæði siglingalaga nr. 34/1985 gilda um starfsmenn eftir því sem við á, þar með talið ákvæði 1. mgr. 172. gr. um slysatryggingar.
- Vegna sérstöðu starfsmanna á hvalaskoðunarbátum og þar sem ekki liggur fyrir röðun þessara starfa í launatöflu SA/SGS eru aðilar sammála um að á árinu 2013 sé fjárhæð lágmarkstekna fyrir fullt starf, sbr. gr. 1.4. í kjarasamningi SA/SGS, og tímakaup það sama og samið hefur verið um sem kauptrygging og tímakaup sjómanna í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og LIÚ. Sjá nánar bókun um framkvæmd. Aðilar munu í komandi kjaraviðræðum í haust taka ákvörðun um röðun þessara starfa m.t.t. eðli starfs og ábyrgðar.

Hvalaskoðunarfyrirtækin munu kappkosta að veita starfsmönnum nauðsynlega fræðslu svo þeir geti sinnt störfum sínum að kostgæfni og öryggi í samræmi við kröfur opinberra yfirvalda. Þann tíma sem starfsmaður sækir nauðsynleg námskeið á vegum atvinnurekanda skal greiða honum kauptryggingu og uppihald og ferðakostnað eftir nánara samkomulagi ef senda þarf starfsmann utanþæjar. Námskeiðsgjald greiðir viðkomandi fyrirtæki.

Strax við upphaf ráðningar skal viðkomandi fyrirtæki ganga frá ráðningarsamningi við starfsmann enda sé um tímabundna ráðningu að ræða s.s. yfir hefðbundið tímabil hvalaskoðunar. Í ráðningarsamningi skal m.a. kveðið á um vinnutilhögun og greiðslur vegna ferða og hvort um vaktavinnu, tímavinnu eða greiðslu pr. ferð sé um að ræða.

Aðilar munu í sameiningu meta hvort slysatryggingar samkvæmt siglingarlögum endurspegli nægilega eðli starfa við hvalaskoðun og leggja fram tillögur til úrbóta sé sú ekki raunin.

Reykjavík, 9. ágúst 2013

- Orlof reiknast til viðbótar umsömdu kaupi skv. 5. kafla kjarasamningsins, SA/SGS.
- Velji fyrirtækin að hafa starfsmenn í vaktakerfi skal fara eftir 3. kafla í kjarasamningi SA/SGS. Þar er m.a. kveðið á að vaktir skulu skipulagðar fyrir 4 vikur í senn.
- Starfsmenn skulu eiga rétt á nauðsynlegri fræðslu svo þeir geti sinnt störfum sínum að kostgæfni og öryggi í samræmi við kröfur opinberra yfirvalda.
- Leggja skal starfsmönnum til frítt fæði á vinnutíma sbr. grein 4.5.1 í kjarasamningi, SA/SGS. Ef þess er ekki kostur að veita starfsmanni fæði á vinnustað þá er greitt fæðisgjald, sem frá 1. maí 2017 er kr. 13.627 á mánuði sem gerir kr. 629 á dag. Gjaldið tekur mið af fæðisgjaldi samkv. gr. 16.3 í framangreindum kjarasamningi.
- Leggja skal starfsmönnum til vinnufatnað við störf þeirra í þágu fyrirtækjanna.
- Réttindi starfsmanna skulu haldast milli ára sbr. grein 13.4 í kjarasamningi SA/SGS.
- Fyrirtækjunum ber að tryggja aðbúnað starfsmanna.
- Greiða skal starfsmanni í viðbragðsstöðu sem mæta þarf til vinnu með skömmum fyrirvara sérstaka þóknun vegna þessarar bindingar.
- Sé eigi á annan veg samið skal uppsagnarfrestur vera 7 dagar hjá hásetum/leiðsögumönnum og 3 mánuðir hjá yfirmönnum. Eftir 3 mánuði í starfi skulu hásetar/leiðsögumenn hafa mánaðar uppsagnarfrest. Sjá frekari upplýsingar í grein 1.11 í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og LIÚ.
- Um veikindarétt fer eins og segir í 36. grein Sjómanna laganna.
- Um lágmarkshvöld fer eins og kveðið er á um í grein 2.4. í kjarasamningi SA/SGS

Skýringar með samkomulagi Samtaka atvinnulífsins og Framsýnar vegna starfsmanna við hvalaskoðun.

- Strax við ráðningu skal ganga frá ráðningarsamningi við starfsmenn. Þar skal m.a. tiltekið hvort starfsmenn séu ráðnir í tímavinnu, vaktavinnu eða á jafnaðarkaup. Þar skal einnig koma fram starfsheiti og stutt lýsing á starfinu.
- Allir starfsmenn skulu vera launþegar. Óheimilt er að hafa starfsmenn sem verktaka enda starfi þeir við almenna hvalaskoðun á vegum fyrirtækjanna.
- Launakjör starfsmanna skulu að lágmarki miðast við meðfylgjandi launatöflu Framsýnar og Samtaka atvinnulífsins sem tekur mið af kauptryggingu sjómanna.
- Vaktir/ferðir samkvæmt vaktaplani/vaktaáætlun skulu greiddar þó ferð falli niður enda hafa skipverjar vinnuskyldu um borð þó ekki sé siglt.
- Greiða skal starfsmönnum stórhátíðarkaup á stórhátíðardögum.
- Fari menn einstakar ferðir s.s. starfsmenn sem ekki eru í föstu ráðningarsambandi við fyrirtækin skal greiða þeim að lágmarki það tímakaup sem fram kemur í kaupskrá Framsýnar og Samtaka atvinnulífsins sem tekur mið af kaupskrá SSÍ/LÍÚ.
- Starfsaldursálag kemur til viðbótar kauptryggingu starfsmanna eftir 2 ár og 3 ár. Álagið hefur ekki áhrif á tímakaup starfsmanna. Sjá nánar í gildandi kaupskrá.
- Starfsmenn sem sigla á stórhátíðardögum s.s. 17. júní skulu í öllum tilfellum fá stórhátíðarálag í samræmi við grein 3.2 í kjarasamningi SA/SGS.

Bókun vegna lágmarkstekjutryggingar og tímakaups

Samkomulag aðila kveður á um tímabundna lausn á kjaramálum starfsmanna á hvalaskoðunarbátum. Starfið hefur þá sérstöðu að kjarasamningur aðila, sem almennt gildir um starfsmenn í ferðþjónustu, gildir ekki fullum fetum um réttindi og skyldur vegna ákvæða sjómanna laga og siglingar laga. Jafnframt eru gerðar kröfur til hlutaðeigandi starfsmanna sem gilda ekki almennt um starfsmenn í landi. Aðilar telja því að lágmarksröðun starfsmanna í ferðþjónustu (lfl. 5 og 6) gefi ekki rétta mynd af eðli starfs og ábyrgð.

Aðilar hafa því orðið ásáttir um að byggja sumarið 2013 á tímakaupi og kauptryggingu í kjarasamningi SSÍ og LÍÚ. Aðilar eru sammála um að endurskoða tilvísun í kauptaxta í komandi kjaraviðræðum með það að markmiði að finna viðunandi lausn fyrir báða aðila. Þetta þýðir að lágmarkstímakaup almenns starfsmanns verður kr. 1.313. (Uppfært tímakaup 1. maí 2017 er kr. 1.737) Við það bætist vaktaálag skv. 3. kafla kjarasamnings SA og SGS v. ferðþjónustu. Samkomulag er um að tímakaup þetta gildi jafnt fyrir tilfallandi ferðir og ferðir skv. vaktskrá upp að 173,33 stundum í mánuði. Eftir það skal greiða yfirvinnukaup sem er að lágmarki kr. 2.363. (Uppfært yfirvinnukaup 1. maí 2017 er kr. 3.127). Greiðslur vegna vinnu í neysluléum þegar verið er í ferðum eru innifaldar í ofangreindu tímakaupi. Heimilt er að semja um að desember- og orlofsuppbætur séu jafnframt innifaldar í ofangreindu tímakaupi. Sé þessi kostur valinn skal þess getið í ráðningarsamningi.

Ferðakaup:

Heimilt er að semja um sérstakt ferðakaup sem tekur mið af ofangreindu tímakaupi að viðbættu vaktaálagi skv. gr. 3.2 í kjarasamningi SA og SGS v. ferðþjónustu. Taki ferð hjá almennum starfsmanni 4 klst. með undirbúningi og frágangi er lágmarksgreiðsla fyrir ferð sem hér segir:

		(21. júlí 2016)	(1. maí 2017)
Ferð á tímabilinu 08 – 17 mán-fös:	kr. 5.252	kr. 6.650	kr. 6.949
Ferð að kvöldi 17 – 24 mán-fös:	kr. 6.985	kr. 8.845	kr. 9.243
Ferð um helgar	kr. 7.615	kr. 9.643	kr. 10.077
Ferð umfram 43 ferðir á mán:	kr. 9.452	kr. 11.970	kr. 12.509

Um helgi- og stórhátíðarálag fer skv. kjarasamningi SA og SGS.

Orlof reiknast til viðbótar launum skv. 5. kafla kjarasamningsins.

Heimilt er að greiða starfsmanni jafnaðarkaup sem tekur tillit til áætlaðs vinnutíma starfsmanns. Ná jafnaðarkaup einnig til vinnu á helgi- og stórhátíðardögum skal taka tillit til þess. Starfsmaður getur óskað þess að sannreynt sé að jafnaðarkaup á ráðningartímanum hafi ekki verið lakara en samkomulag þetta kveður á um.

Samkomulag vegna félagsmanna Framsýnar sem starfa á hvalaskoðunarbátum

Samkomulag aðila frá 9. ágúst 2013, með breytingum frá 21. febrúar 2014, mun gilda á samningstíma alalkjarasamnings frá 1. maí 2015, þ.e. til 31. desember 2018.

Mánaðarlaun almennra starfsmanna hækka þannig um kr:

- 25.000,- frá 1. maí 2015
- 6,2% frá 1. janúar 2016*
- 3,4% frá 21. júlí 2016**
- 4,5% frá 1. maí 2017
- 3,0% frá 1. maí 2018
- Aðrir kaupliðir hækka með sama hætti og kaupliðir í almennum kjarasamningi aðila.



Reykjavík 28. maí 2015

Fh. Framsýnar, stéttarfélag

Fh. Samtaka atvinnulífsins

*SGS og SA breyttu samkomulagi úr kr. 15.000 frá 1. maí 2016 í 6,2% hækkun frá 1. janúar 2016

**Breyting á samkomulagi SA og Framsýnar í takt við hækkun kauptryggingar.

Uppfærð kauptrygging

Uppfært: Framsýn, stéttarfélag

Samkvæmt samkomulagi SA og Framsýnar hækkar kauptrygging starfsmanna með eftirfarandi hætti frá 1. maí 2017.

Kauptrygging:

Hásetar/leiðsögumenn	kr. 301.136
Vélaverðir:	kr. 376.420
Skipstjórar/stýrimenn/vélstjórar:	kr. 451.704

Eftirfarandi launakerfi gilda við hvalaskoðun. Valið stendur um jafnaðarkaup, tímakaup eða vaktakaup. Í ráðningarsamningi skal gengið frá fyrirkomulagi ráðningar, það er eftir hvaða kerfi menn starfa:

Jafnaðarkaup:

Heimilt er að semja um fast kaup fyrir hverja ferð upp að 43 ferðum m.v. að ferðin, undirbúningur og frágangur taki þennan tíma. Þegar jafnaðarkaupið er ákveðið skal taka tillit til álags vegna stórhátíðardaga á tímabilinu eða greiða það sérstaklega. Eftir 43 ferðir á mánuði skal greiða 80% álag á umfram ferðir miðað við skráð tímakaup samkvæmt þessum kjarasamningi. Greiða skal orlof til viðbótar jafnaðarkaupi.

Tímakaup:

Sé þessi kostur valinn skal greiða starfsmönnum að lágmarki með eftirfarandi hætti m.v. 4 tíma ferð. Eftir 43 ferðir á mánuði skal greiða 80% álag á umfram ferðir. Þá skal greiða stórhátíðarkaup á stórhátíðardögum.

Hásetar/leiðsögumenn

Ferð á dagvinnutíma kr. 6.949,-
Ferð á yfirvinnutíma kr. 12.509,-

Skipstjórar/stýrimenn/vélstjórar

Ferð á dagvinnutíma kr. 10.424,-
Ferð á yfirvinnutíma kr. 18.764,-

Vélaverðir

Ferð á dagvinnutíma kr. 8.687,-
Ferð á yfirvinnutíma kr. 15.636,-

Vaktakaup:

Sé þessi kostur valinn skal greiða starfsmönnum að lágmarki með eftirfarandi hætti m.v. 4 tíma ferð. Eftir 43 ferðir á mánuði skal greiða 80% álag á umfram ferðir. Þá skal greiða stórhátíðarkaup á stórhátíðardögum.

Hásetar/leiðsögumenn:

Ferðir á dagvinnutíma
kr. 6.949,-

33% álag

Kvöldferðir
kr. 9.243,-

45% álag

Helgarferðir
kr. 10.077,-

Vélaverðir:

Ferðir á dagvinnutíma
kr. 8.687,-

33% álag

Kvöldferðir
kr. 11.553,-

45% álag

Helgarferðir
kr. 12.596,-

Skipstjórar/stýrimenn/vélstjórar:

Ferðir á dagvinnutíma
kr. 10.424,-

33% álag

Kvöldferðir
kr. 13.864,-

45% álag

Helgarferðir
kr. 15.115,-

Fæði:

Fæðisgjald er kr. 13.627 á mánuði, kr. 629 á dag.